



Norðurlandaráð
Norræna sjálfbærninefndin

B.t. Mette Gervin Damsgaard

16. desember 2019

Svar við fyrirspurn E 14/2019 um matarsóun

Hinn 12. september 2019 beindi Norræna sjálfbærninefndin eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Hefur Norræna ráðherranefndin í hyggju að móta markvissa aðgerðaáætlun til þess að koma til móts við hið metnaðarfulla markmið um að dregið hafi verið úr matarsóun um 50% árið 2030?

Svar:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands svara ég fyrir Norrænu ráðherranefndina:

Eins og lýst er í svari Norrænu ráðherranefndarinnar við fyrirspurn 5/2018 hafa norrænu ríkisstjórnirnar staðið að mörgum aðgerðum frá því matarsóun komst á dagskrá á Norðurlöndum í upphafi annars áratugar þessarar aldar. Ein mikilvægra aðgerða var að koma á fót mælikerfum í löndunum til að meta umfang matarsóunar og með nokkrum nýjum mælingum liggur nú ljóst fyrir að þessi mörgu verkefni eru virkilega byrjuð að hafa jákvæð áhrif á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin fagnar því þess vegna að Norræna sjálfbærninefndin skuli viðurkenna þann árangur sem hingað til hefur náðst.

Norræna sjálfbærninefndin bendir á að í ljósi þess að metnaðurinn stendur til þess að dregið hafi verið úr matarsóun um 50% árið 2030 hefur aðeins að takmörkuðu leyti dregið úr matarsóun á Norðurlöndum. Það er rétt að norrænu löndin eiga langt í land en við erum þó vel á veg komin. Eins og fram kemur í svari við fyrirspurn E15/2019 hafa norrænu ríkisstjórnirnar einnig ýtt úr vör nýjum verkefnum og innlendum aðgerðaáætlunum til að flýta fyrir þróuninni.

Einmitt vegna þess að mikil þróun á sér stað í öllum norrænu löndunum álitur Norræna ráðherranefndin að ekki sé þörf á norrænni aðgerðaáætlun til þess að draga úr matarsóun nú. Það er aftur á móti skoðun Norrænu ráðherranefndarinnar að ástæða sé til að stefna sem fyrst saman norrænum meðlimum í „Food Loss and Waste Platform“ á vegum ESB og meðlimum í undirhópi fagsviðs umhverfis og loftslagsmála um úrgangsmál. Tilgangurinn er að deila með sér af reynslu á milli landanna í þágu stefnumörkunar í löndunum ásamt því að meta þörfina á samnorrænum aðgerðum. Innan ESB fer fram mikið starf tengt matarsóun sem



norðrænu löndin ættu í sameiningu að reyna að hafa áhrif á, rétt eins og norðrænu löndin öll eiga að uppfylla nýjar kröfur ESB um mælingu á matarsóun. Ný verkefni í tengslum við vinnuna við að draga úr matarsóun og afföll í matvælaframleiðslu verða einnig á meðal þess sem samstarfssvið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar leggur til að verði í fyrirhugaðri aðgerðaáætlun vegna Framtíðarsýnar okkar 2030.

Reykjavík, 16. desember 2019

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra